

Tilboð Eflingar til SA um endurnýjun kjarasamninga

Efling leggur fram tilboð til Samtaka atvinnulífsins um kjarasamning til 15 mánaða. Tilboðið tekur til aðalkjarasamnings og samnings um störf á hótélum og veitingahúsum.

Samningsforsendur

- Taxtalaun hækki nægjanlega til að ná til baka kaupmáttarrýrnun frá síðustu launahækkun (í apríl 2022) og til að tryggja kaupmátt taxtalauna miðað við núverandi og vænta verðbólgu á samningstíma.
- Hlutdeild launa í hagvexti og góðri afkomu fyrirtækja sé tryggð.
- Samningur sé raunverulegt framhald Lífskjarasamningsins; hækkanir lægstu launa og taxtalauna séu ekki miklu lægri en hækkanir þeirra sem ofar eru í launastiganum.
- Tekið sé tillit til hás húsnæðiskostnaðar á samningssvæði Eflingar, til að mynda 45% hærri leigukostnaðar en á landsbyggðinni.
- Tekið sé tillit til samsetningar félagsmannahóps Eflingar, þar sem meðalstarfsaldur hjá sama fyrirtæki er allt annar og skipting milli atvinnugreina önnur en á landsbyggðinni.

Atriði tilboðsins

- Samningur tekur gildi 1. nóvember og greiðast afturvirkar hækkanir með næstu útborgun launa. Samningur gildir til loka janúar 2024, eða í samtals 15 mánuði.
- Við upphaf samningstíma tekur gildi ný launatafla, þar sem unnið er út frá kostnaðarmati launatöflu í kjarasamningi SA við SGS en taflan löguð að samsetningu þess hóps sem vinnur undir kjarasamningum Eflingar.
- Fyrsta starfsaldursþrep verður 18 mánuðir í stað eins árs.
- Framfærsluuppbót að upphæð 15.000 kr. m.v. fullt starf bætist ofan öll á laun frá upphafi samningstíma, en stendur utan grunnlauna og reiknast ekki inn í vakta- og yfirvinnuálög. Uppbótin er vegna hærri framfærslukostnaðar vinnuafls á samningssvæði Eflingar.
- Grunnlaun þeirra sem ekki eru á kauptöxtum hækka um 33.000 kr.
- Hagvaxtarauki sem bætast átti ofan á laun frá og með apríl 2023 fellur niður. Hækkanir á öðrum launaliðum koma í staðinn.

- Desemberuppbót, orlofofsuppbót og bónusar og akkorð í fiskvinnslu hækka með sama hætti og í samningi SA við SGS undirritaður 3. desember sl.
- Eftirtaldar breytingar gerðar á störfum og röðun þeirra í launaflokka:
 - Heiti starfsins *Almennt starfsfólk veitinga- og gistihúsa* breytist í *Almennt starfsfólk veitingahúsa*. Launaflokkur breytist ekki.
 - Bætt við starfinu *Almennt starfsfólk gistihúsa* sem raðast í launaflokk 6.
 - *Ræsting* færast úr launaflokki 6 í launaflokk 7.
 - *Tækjastjórnandi I* færast úr launaflokki 10 í launaflokk 12.
 - *Tækjastjórnandi II* færast úr launaflokki 13 í launaflokk 15.
 - *Hópbifreiðastjórar* færast úr launaflokki 17 í launaflokk 19.
 - Samsvarandi breytingar í sérkjarasamningum þar sem sömu störf koma fyrir.
- Eftirfarandi bókun samþykkt varðandi störf trúnaðarmanna í samninganefnd: „Aðilar eru sammála um að störf í samninganefnd falli undir þau störf trúnaðarmanna sem þeir hafa heimild til að sinna án launaskerðingar sbr. grein 13.2 í aðalkjarasamningi.“

Athugasemdir og skýringar

- Hæsti virki launaflokkur í almennum kjarasamningi verður 19 í stað 17 áður.
- Taxtahækkanir grunnlauna í krónum verða lægst 40.000 kr. (byrjandi í lfl. 4) og mest 64.534 kr. (hópbifreiðastjóri með 5 ára starfsaldur), sem er innan ramma þeirra hækkana sem samið hefur verið um við aðra hópa í nýliðnum kjarasamningum.
- Lægsta hlutfallshækkun grunnlauna í töflu verður 10,89% (byrjandi í lfl. 4) og sú hæsta 16% (hópbifreiðastjóri með 5 ára starfsaldur, sem hækkar um 2 launaflokka).

Fyrirvarar

- Tilboð þetta gildir til hádegis þriðjudaginn 10. janúar.
- Hafni Samtök atvinnulífsins tilboði þessu sem grundvelli frekari viðræðna mun Efling - stéttarfélag lýsa viðræður árangurslausar og hefja undirbúning verkfallsaðgerða.

F.h. samninganefndar Eflingar, samþykkt á fundi nefndarinnar 8. janúar 2023.

Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar - stéttarfélags